

# Lög

## um breytingu á lögum um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005, með síðari breytingum (framlenging gildistíma o.fl.).

---

### 1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:  
Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn fjarskiptasjóðs, þar af formann og varaformann, auk varamanna. Skipunin gildir til þriggja ára í senn.

### 2. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:  
Ríkisendurskoðun annast árlega endurskoðun reikninga sjóðsins.

### 3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:  
Tekjur ríkissjóðs sem til eru komnar vegna gjalda fyrir afnot af tíðnum, sem lögð eru á samkvæmt heimild í lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, skulu renna í fjarskiptasjóð.

### 4. gr.

Orðin „og allan kostnað Póst- og fjarskiptastofnunar af starfsemi sem tengist verkefnum sjóðsins“ í 7. gr. laganna falla brott.

### 5. gr.

Síðari málsliður 9. gr. laganna orðast svo: Lög þessi falla úr gildi í árslok árið 2016, inneign sjóðsins eftir uppgjör verkefna við þau tímamót rennur í ríkissjóð.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 17. desember 2011.*

